

TILLAGA

að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um kjör til kirkjubings nr. 1075/2017
(Lagt fyrir 57. kirkjubing 2018)

Flutt af Bryndísi Möllu Elíadóttur, Elínborgu Gísladóttur, Guðmundi Þór Guðmundssyni,
Guðrúnu Karls Helgadóttur, Hreini Hákonarsyni, Jónínu Ólafsdóttur, Ólöfu Margréti
Snorradóttur, Önnu Sigurvinsdóttur og Örnunni Grétarsdóttur.
Frsm. Guðrún Karls Helgadóttir.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. starfsreglnanna:

- a) Á eftir 1. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:
Hver sá sem fullnægir skilyrðum 1. mgr. skal hafa óflekkað mannorð.
Enginn skv. 2. mgr. telst hafa óflekkað mannorð sem hlotið hefur dóm fyrir refsivert brot og refsing er óskilorðsbundið fangelsi, frá þeim degi sem dómur er upp kveðinn og þar til afplánun er að fullu lokið.
- b) 2. mgr. verður 4. mgr.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Athugasemdir við tillögu þessa.

Kirkjubing er æðsta stofnun þjóðkirkjunnar og því er afar mikilvægt að þau sem þangað veljast séu með óflekkað mannorð og hafi ekki hlotið dóm, sbr. 3. mgr. 1. gr. tillögunnar. Gerð er sú krafa að þau sem veljast til prestsþjónustu kirkjunnar séu með óflekkað mannorð í skilningi þessara starfsreglna og hið sama á að gilda um þingmenn kirkjubings. Þessum lið er m.a. bætt við í kjölfar #metoo byltingarinnar sem riðið hefur yfir hinn vestræna heim en þar hefur þjóðkirkjan ekki verið undanskilin. Vilji kirkjubings er að ganga á undan með góðu fordæmi og sýna að því er alvara með að gera kirkjubing að öllu leyti eins trúverðugt og mögulegt er. Fyrirmyndin að þessum breytingum á starfsreglum er sótt í lagafrumvarp sem dómsmálaráðherra hefur lagt fram á Alþingi nú í október til breytingar á núgildandi 5. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000, með síðari breytingum og 3. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, með síðari breytingum.